

## **Tillaga til 445. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. nóvember 2019**

Tillaga frá 526. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 25. sept. sl. um að Ívar Már Valsson fái lóð við Daltungu 3 Ísafirði, skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

### **2. Umsókn um íbúðarhúsalóð. Daltunga 3 - 2019090058**

Ívar Már Valsson, sækir um lóð við Daltungu 3, Ísafirði, jafnframt er sótt um niðurfellingu gatnagerðargjalda á grundvelli 6.gr. laga nr. 153/2006 sbr. bókun bæjarráðs og að frestur verði framlengdur.

Fylgigögn eru undirrituð umsókn ódagsett.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Ívar Már Valsson fái lóð við Daltungu 3, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

*Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda er vísað til bæjarráðs.*

### **Bókun 444. fundar bæjarstjórnar 24.10.2019.**

#### **6. Niðurfelling gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis - 2017050003**

Tillaga 1079. fundar bæjarráðs frá 21. október sl., um að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn samþykkir að fella tímabundið niður gatnagerðargjöld, af nýbyggingu íbúðarhúsnæðis, á lóðum við þegar tilbúna götur í sveitarfélaginu sem ekki þarf að leggja frekari kostnað í og auglýstar eru á vef Ísafjarðarbæjar. Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið tekur gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn og varir til 1. nóvember 2020. Ákvæðið er ekki afturvirktt og miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka.“

*Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson og Jónas Þór Birgisson.*

*Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 9-0.*